



Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um innleiðingu sjálfkeyrandi tækni

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði, í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, að móta heildstæða framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um hvernig Reykjavík geti orðið meðal fremstu borga heims í nýtingu sjálfkeyrandi tækni. Borgarstjóra verði jafnframt falið að hefja samtal við stjórnvöld, Alþingi, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og viðeigandi stofnanir um samstarf og nauðsynlegar breytingar á lögum og regluverki svo heimilt verði að prófa og innleiða sjálfkeyrandi farartæki á Íslandi.

Greinargerð

Sjálfkeyrandi farartæki eru ein stærsta tæknibreyting sem fyrirsjáanleg er í samgöngum á næstu árum. Fjöldi borga og landa hefur þegar tekið skref í átt að innleiðingu sjálfkeyrandi ökutækja, bæði í almenningssamgöngum og akstri einkabíla. Í dag eru sjálfkeyrandi þjónustur þegar í rekstri eða í umfangsmiklum tilraunum í Bandaríkjunum, Kína, Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi og í nokkrum norrænum borgum. Þróunin er hröð og líklegt að hún muni hafa veruleg áhrif á skipulag samgangna í borgum á næstu árum. Reykjavík getur verið í fremstu röð þessarar þróunar og nýtt tækifærið til að bæta lífsgæði borgarbúa, auka öryggi á vegum og stuðla að sjálfbærni í samgöngum.

Markmið þessarar tillögu er tvíþætt: í fyrsta lagi að móta skýra framtíðarsýn fyrir Reykjavík sem leiðandi borg í nýtingu sjálfkeyrandi tækni og í öðru lagi að hefja undirbúning nauðsynlegra breytinga á lagaumhverfi og stjórnsýslu.

Innleiðing sjálfkeyrandi farartækja kallar á markvissa endurskoðun á lagaumhverfi, innviðum og stjórnsýslu í samgöngum. Í dag heimila íslensk umferðarlög ekki akstur ökutækja án ökumanns og því er fyrsta skrefið að skapa skýran lagaramma sem gerir prófanir og síðar rekstur sjálfkeyrandi ökutækja mögulegan. Slíkur rammi þarf að skilgreina ábyrgð aðila, leyfisveitingar, öryggiskröfur og eftirlit með rekstri.

Jafnframt þarf að tryggja samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins um sjálfkeyrandi ökutæki, þar á meðal kröfur um öryggisstaðla, gagnasöfnun, netöryggi og tilkynningar um atvik. Nokkur Evrópulönd hafa þegar sett slíkan lagaramma sem heimilar prófanir og rekstur sjálfkeyrandi farartækja á afmörkuðum svæðum eða í tilraunaverkefnum.

Samhliða lagabreytingum þarf að hefja mat á innviðum borgarinnar. Vegmerkingar og umferðarskilti þurfa að vera skýr og véllesanleg, auk þess sem skoða þarf uppsetningu skynjara og annarra tæknilegra lausna við vegkanta sem geta stutt við sjálfvirkan akstur.

Mikilvægur þáttur er einnig stafrænir innviðir: áreiðanlegt fjarskiptanet, möguleg V2X-samskipti milli farartækja og innviða, snjöll umferðarljós og stafrænn tvíburi borgarinnar (digital twin), þ.e. stafrænt líkan af götum og innviðum borgarinnar sem nýtist til skipulagningar, prófana og eftirlits.





Undirbúningur þarf að fara fram í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og Vegagerðarinnar þar sem sett verður skýrt ferli fyrir leyfisveitingar og tilraunasvæði. Á sama tíma þarf að meta samfélagsleg áhrif, meðal annars á umferðaröryggi, aðgengi og borgarhönnun, og tryggja gagnsæi í prófunum til að byggja upp traust almennings.

Með heildstæðri stefnumótun, skýrum lagaramma og uppfærðum innviðum getur Reykjavík skapað skilyrði til að prófa og þróa sjálfkeyrandi samgöngur á ábyrgan og öruggan hátt og þannig lagt grunn að því að Reykjavík verði meðal fremstu borga heims í nýtingu sjálfkeyrandi tækni.